



## Úthlutunarreglur styrkja menningar- og ferðamálaráðs Vesturbyggðar

1. Tilgangur styrkjanna er að efla menningar- og ferðamál innan Vesturbyggðar.
2. Menningar- og ferðamálaráð ber ábyrgð á að meta hvort styrkumsókn samræmist tilgangi styrkjanna sbr. 1. tölulið reglnanna.
3. Umsækjendur geta verið einstaklingar, fyrirtæki, félagasamtök og stofnanir.
4. Styrkir verða ekki veittir til verkefna sem eru á vegum ríkis eða sveitarfélaga.
5. Styrkir verða ekki veittir til verkefna sem eru með fastan samning við Vesturbyggð.
6. Að öllu jöfnu skal fjárhæð hvers styrks ekki vera hærri en kr. 150.000. Menningar- og ferðamálaráð hefur heimild til að hafna styrkumsókn eða veita aðra styrkupp hæð en beðið er um. Í umsókn skal þess getið um hvaða styrki aðra hefur sótt vegna verkefnis, eða ráðgert er að sækja um, á þeim tímapunkti sem umsóknin er gerð. Úthlutunarnefndin lítur það jákvæðum augum að verkefni hljóti einnig styrkveitingu annarstaðar frá.
7. Umsóknum um styrki skal skilað inn á þar til gerðum eyðublöðum sem eru aðgengileg á heimasíðu Vesturbyggðar.
8. Menningar- og ferðamálaráð skal auglýsa eftir umsóknum á heimasíðu Vesturbyggðar með a.m.k. mánaðar fyrirvara. Umsóknarfrestur er fjórum sinnum á ári hverju og er það sem hér segir til og með:
  - 1. febrúar
  - 1. maí
  - 1. september
  - 1. desember
9. Umsóknir eru afgreiddar fjórum sinnum á ári sbr. 6. tölulið reglnanna en verkefni/viðburð skal miða við yfirstandandi almanaksár. Hvert verkefni getur hlotið einn styrk á hverju almanaksári.
10. Við hverja afgreiðslu hefur menningar- og ferðamálaráð fjórðung heildarupphæðar, skv. fjárhagsáætlun Vesturbyggðar hvers árs, til úthlutunar. Sé upphæðin ekki fullnýtt dreifist ónýtt fjármagn jafnt á eftirstandandi úthlutanir almanaksársins.
11. Styrkhæfur kostnaður: Styrkir menningar- og ferðamálaráðs Vesturbyggðar taka til fjármögnunar styrkhæfs kostnaðar í verkefninu. Eftirfarandi atriði eru til leiðbeiningar um hvað telst til styrkhæfs kostnaðar:
  - a. Laun: Launakostnaður miðist við útborguð laun að viðbættum launatengdum gjöldum. Ekki er heimilt að nota útseldan taxa til útreiknings launa, nema í aðkeyptri þjónustu, sjá e) lið.
  - b. Vinnuframlag styrkþega og samstarfsaðila: Þrátt fyrir lið a) skal reikna launaða eða ólaunaða vinnu að hámarki á 4.000 kr./klst.
  - c. Ferðakostnaður: Leitast skal við að velja hagkvæmasta ferðamátann hverju sinni.
  - d. Aðföng: Gera skal grein fyrir þeim aðföngum sem þarf til verkefnisins, s.s. efni, áhöld og tæki. Heimilt er að kaupa sérhæfð tæki sem nauðsynleg eru fyrir framgang verkefnisins.
  - e. Aðkeypt þjónusta: Gera þarf grein fyrir aðkeyptri þjónustu í umsókn.
12. Hafi styrkþegi áður þegið styrk frá menningar- og ferðamálaráði hefur ráðið heimild til að óska eftir gögnum um nýtingu þess styrks.



## Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

13. Styrkþegi skal geta þess í kynningu sinni á verkefninu, þar með talið í fréttatilkynningum, viðtölum, á prentefni og á samfélagsmiðlum eins og mögulegt er, að verkefnið sé styrkt af sjóðnum, auk þess að hafa kennimerki Vesturbyggðar sýnilegt þar sem það á við.